

Úr *A Treatise on White Magic*.

ÞRÍR EÐLISÞÆTTIR MANNSINS

Ein helsta leiðin fyrir manninn til að öðlast skilning á hinni miklu heild sem við nefnum stórheim – eða Guð sem birtir sig í gegnum sólkerfi – er sú að fá skilning á sjálfum sér, og hin Delfísku boð „Maður, þekktu sjálfan þig“ voru innblásin orð, ætluð til að gefa manninum vísbendingu um leyndardóm guðdómsins. Í gegnum lögmál samsvörunar eða samræmis er hin kosmíska atburðarás, og eðli hinna kosmísku lögmála, gefin til kynna í athöfnum, uppbyggingu og eiginleikum mannverunnar. Bent er á þau en engar nánari útskýringar gefnar. Þau eru einfaldlega leiðarmerki sem benda manninum á leiðina þar sem fleiri leiðarmerki er að finna og ítarlegri leiðbeiningar.

Skilningur á þríeiningu anda, sálar og líkama liggur enn sem komið er ofar getu mannsins, en hægt er að gefa hugmynd um samband þeirra og almennt samhæft hlutverk þeirra með því að athuga manninn efnislega og hlutlæga starfsemi hans.

Í lífkerfi mannsins er að finna þrjá þætti sem eru tákn, og tákn eingöngu, fyrir þrjá eðlisþætti tilverunnar.

1. Orkan, eða hið lífgefandi frumtak, sem hverfur með dularfullum hætti við dauðann, hverfur að hluta til við svefn eða meðvitundarleysi og virðist nota heilann sem meginásetur athafna og stjórna þaðan starfsemi líkamans. Þessi orka hefur aðallega bein tengsl við þá þrjá hluta lífkerfisins sem við nefnum heila, hjarta og öndunarfæri. Hún er smáheimslegt tákn andans.

2. Taugakerfið með flókinni uppbyggingu tauga, taugastöðva og hinum mikla fjölda samtengdra og skynnæmra þátta sem þjóna þeim tilgangi að samhæfa lífkerfið, framkalla þá skynrænu svörun sem er til staðar milli hinna mörgu líffæra og hluta sem til samans mynda lífkerfið í heild sinni, og gera manninum einnig kleift að verða var

við og skynja umhverfi sitt. Þetta skyntæki í heild sinni er það sem myndar hina skipulögðu varurð og hina samhæfðu næmni alls mannsins, í fyrsta lagi sem einingu í sjálfum sér og í öðru lagi sem svörun og samspil við hinum ytri heimi sem hann lifir og starfar í. Þetta samhæfandi og samtengjandi tauganet, sem myndar ytri og innri heildisstarfsemi, birtir sig aðallega í gegnum hina þrjá þætti taugakerfisins:

- a. Heila og mænutaugakerfið,
- b. skyntaugakerfið og
- c. úttaugakerfið.

Það er nátengt þætti orkunnar, þar sem það er tækið sem orkan notar til að lífmagna líkamann, framkalla samhæft starf hans og virkni og mynda vitrænt samband við umheiminn sem hann þarf að lifa og starfa í. Það er undirstaða efnislega líkamans, holds beina og vöðva, en er sjálft knúð áfram og stjórnað af tveim þáttum:

- a. Samheild orkunnar sem er hinn einstaklingsbundni skerfur lífsorkunnar.
- b. Orku umhverfisins þar sem einstaklingurinn dvelst og þarf að lifa og vinna sitt hlutverk.

Þetta samhæfandi taugakerfi, þetta net samtengjandi og næmra tauga er tákn í manninum fyrir sálina, og er útrætt og sýnilegt form innri andlegs veruleika.

3. Að lokum má telja það sem nefnt er líkami, samheild holds, vöðva og beina, samtengt og samhæft af taugakerfinu og orkumagnað með því sem við óljóst nefnum „líf“ hans.

Í þessum þrem þáttum, lífinu, taugakerfinu og líkamanum, sjáum við endurspeglun og táknmynd hinnar stærri heildar, og með nákvæmri athugun þeirra og skilningi á hlutverki þeirra og heildistengslum getum við öðlast skilning á sumum af lögmálum þeim og grundvallarreglum sem stjórna starfsemi „Guðs í náttúrunni“ – setning sem felur

í sér háleit sannindi en er jafn ósönn í takmörkuðum skilningi.

Þessir þrír þættir guðdómsins, hin miðlæga orka eða andi, hinn samhæfandi kraftur eða sálin, og það sem þau tvö nota og sameina, eru í raun og veru eitt lífsfrumtak sem birtist í margbreytileika. Þeir eru þrír í hinum eina, hinn eini í þrem, Guð í náttúrunni, og náttúran sjálf í Guði.

Við getum yfirfært þetta hugtak til nánari skýringar yfir á önnur svið hugsunar; í trúarbrögðunum má sjá má þessa þríeiningu eðlisþátta að starfi sem hina innræðu kenningu, hina grundvallandi táknfræði og trúarboðskap hinna miklu heimstrúarbragða, og hinar ytri stofnanir þeirra; í stjórnámálum er hún samheild vilja fólksins, hver svo sem sá vilji kann að vera, lögin sett fram í orðum, og hin ytri stjórnarsýsla; í menntun er hún viljinn til að læra, listir og vísindi, og hinar miklu menntastofnanir og fræðslukerfi; í heimspeki er hún löngunin eftir visku, hinar tengdu kenningastefnur, og hin ytri framsetning kenninganna. Þannig birtist þessi eilífa þrígreining í öllum þáttum hinnar raunbirtu veraldar, hvort sem litið er á hana sem hið áþreifanlega, eða það sem er næmt og samfelld, eða það sem er orkugjafinn. Það er þessi vitsmunalega starfsemi sem menn hafa nefnt með hinu frekar klunnalega orði „varurð“; hún er hæfileiki sjálfrar varurðarinnar og felur í sér næmni fyrir umhverfinu og sjálfu skyntækinu, það er hin guðlega tvíhyggja sálarinnar; hún er að lokum samheild þess sem snert er og þekkt; hún er það sem hið næma skyntæki skynjar. Þetta er, eins og við munum síðar sjá, hægt vaxandi skilningur sem flyst æ meir inn á dulfræðilegri og innræðari svið.

Þessa þrjá eðlisþætti má sjá í manninum, hinni guðlegu lífseiningu. Í byrjun uppgötvar maðurinn þá hjá sjálfum sér; síðan kemur hann auga á þá hjá öllum öðrum formum í umhverfinu, og að lokum lærir hann að tengja þessa eðlisþætti sína við svipaða þætti í öðrum formum hinnar guðlegu raunbirtingar. Rétt tengsl milli forma veldur

samræmdu og rétt aðlöguðu efnislegu lífi. Rétt svörun við umhverfinu leiðir til réttra tengsla við eðlisþátt sálarinnar, falinn í hverju formi, og kemur til leiðar réttum samskiptum milli hinna ýmsu þátta innri taugasamsetningarinnar sem er að finna í öllum ríkjum náttúrunnar, lægri sem æðri. Þetta atriði er enn svo að segja óþekkt, en er hraðfara að koma í ljós, og þegar það hefur verið sannað og skilið munu menn uppgötva að í því er að finna grundvöll bræðralags og einingar. Lifrin, lungun, maginn og önnur líffæri í líkamanum eru aðgreind í tilvist og starfi, en eru samtímis sameinuð og samtengd með tilstilli taugakerfisins sem greinist um allan líkamann, á sama hátt munu menn uppgötva að lífkerfi eins og náttúruríkin eiga sitt sérstaka líf og hlutverk en eru um leið samtengd og samhafð með gríðarstöru og flóknu skynkerfi sem stundum er nefnt sál allra hluta, heimssálin, eða hin undirliggjandi vitund.

Þegar fjallað er um þrígreinungarnar sem svo oft er gert í tengslum við guðdóminn, eins og til dæmis andi, sál og líkami, – líf, vitund og form, – er gott að hafa í huga að þá er átt við aðgreiningar hins eina lífs, og eftir því sem maðurinn kynnist þessum þrígreinungum nánar þá tengist hann stærri hóp manna. En þegar fjallað er um hið dulræna og huglæga, og þegar viðfangsefnið sem skrifað er um varðar hið óskilgreinanlega, þá fylgja því óhjákvæmilega erfiðleikar. Auðvelt er að lýsa persónulegu útliti manns, klæðnaði, líkamsbyggingu og hlutunum sem hann hefur nálægt sér. Tungumálið dugir fyllilega til að fjalla um hið hlutlæga og heim formsins. En þegar reynt er að gefa hugmynd um eiginleika, skapgerð og lunderni, láta strax á sér kræla erfiðleikar hins óþekkta, hins óskilgreinanlega og ósýnilega sem við skynjum, en er samt að miklu leyti dulið og óskilgreint jafnvel af manninum sjálfum. Hvernig er okkur þá mögulegt að lýsa honum með aðstoð tungumálsins?

Ef þessu er svo varið um manninn, hversu miklu torveldara er þá ekki að tjá í orðum þá ólýsanlegu samheild sem aðgreind er í meginþætti með hugtökunum andi, sál og

líkami? Hvernig getum við skilgreint þetta óskilgreinanlega líf sem menn hafa (til að auðvelda skilning) takmarkað og aðgreint í þrennd eðlisþátta eða persóna og nefna í heild sinni með orðinu Guð?

Þessi greining Guðs í heilaga þrenningu er alheimsleg og forn, allar þjóðir – bæði nú á tímum og til forna – nota hina sömu þrígreindu hugmynd til að tjá innsæislegan skilning, og það er því næg ástæða fyrir notkun hennar. Vissulega er mögulegt að einhvern tíma síðar hugsji menn og tjái sannindin á annan hátt, en hjá hinum almenna hugsanda nú á tímum ná hugtökin andi, sál og líkami yfir alla þætti hinnar guðlegu raunbirtingar, bæði hvað varðar guðdóm alheimsins og minni birtingu guðdómsins, manninn sjálfan. Þar sem þetta rit er ætlað hugsandi mönnum en ekki stöðnuðum guðfræðingum eða fræðilega sinnuðum vísindamönnum, munum við halda okkur við hin vel þekktu hugtök og leitast við að skilja það sem felst í þeim orðum sem maðurinn hefur notað til að reyna að útskýra sjálfan Guð.

„Guð er andi, og þeir sem tilbiðja hann verða að tilbiðja hann í anda og sannleika,“ segir í einni af ritningum heimsins. Orðin: „Maðurinn varð lifandi sál,“ er að finna í sömu ritningu. „Þess bið ég Guð að þið verðið hrein og flekklaus í anda, sál og líkama,“ svo mælti mikill vígsluhafi Hvíta Bræðralagsins; og sá mesti þeirra allra, sem er þó hjá okkur í efnisformi á jörðinni, endurtók orð vitrings frá fyrri tíð þegar hann mælti: „Ég hefi sagt, þið eruð guðir, og þið eruð öll börn hins æðsta“. Í þessum orðum er frá kristilegu sjónarmiði vitnað til þrígreiningar mannsins, guðdómleika hans og sambands hans við það líf sem hann lifir, hrærist og á tilveru sína í, og öll hin miklu trúarbrögð fjalla um þetta samband með hliðstæðum hætti.

a. Andi, Líf, Orka.

Orðið andi er notað um þá óskilgreinanlegu, torskildu og grundvallandi hvöt eða Líf sem er orsök allrar birtingar. Hann er andardráttur Lífs og það háttbundna innflæði líforku

sem birtist í formi aðlaðandi krafts, sem vitund eða sál, og hann er hið atómíska grunnefni í heild sinni. Hann er hliðstæðan í hinni stóru tilveru eða stórheiminum við það sem í hinni smáu tilveru eða smáheiminum er hinn lífgefandi þáttur sem við nefnum líf mannsins; það er gefið til kynna með andardrættinum í líkamanum sem er numinn á brott þegar ævin hefur runnið sitt skeið á enda.

Hver er fær um að segja hvað þetta er? Við rekjum það til sálarinnar eða vitundarþáttarins og frá sálinni til andans (eins og við nefnum hinar þrjár hliðar hins eina andardráttar) en hver hefur hugrekki til að segja hvað þessi orð þýða í raun og veru? Við gefum þessum óþekkta þætti mismunandi nöfn, í samræmi við þá hugmyndastefnu sem við fylgjum; við reynum að tjá hann í orðum og endum loks með því að nefna hann Andann, Hið eina líf, Mónadinn eða Orkuna. Enn verðum við að hafa í huga að skilningur á eðli þessa eina lífs hlýtur að vera afstæður. Þeir sem beina athygli sinni að formhlið lífsins hugsa í hugtökum sem tengjast efnislegri lífsorku, tilfinningum, hvötum eða hugarkrafti og fara ekki út fyrir þá heildarlífsvitund sem greinist í ofangreinda þætti. Hinir sem aftur á móti hafa háspekilegra viðhorf, og hafa meiri áhuga á sálarlífinu en formþættinum, tjá hugmynd sína með hugtökum sem tengjast birtingu sálarinnar, og með því að þeir hefja sig upp fyrir hina persónulegu og eigingjörnu hætti líkamseðlisins þá snúast hugsanir þeirra um líf, eiginleika, heildisvilja eða mátt, heildissamhæfingu eða kærleika-visku, og heildisvitsmuni eða þekkingu. Allt þetta er tjáð með hinu almenna hugtaki bræðralag.

En jafnvel þetta reynist aðgreinandi, þó aðgreint sé í stærri heildir en hinir lágstæðari eru færir um að skilja. Þar af leiðandi byrjar vígsluhafinn, sérstaklega eftir þriðju vígsluna, að hugsa í enn víðtækari samfjöllun og tjá sannindin fyrir sjálfum sér í hugtökum eins og Andi, Líf, Hið eina. Fyrir honum merkja þessi orð eitthvað mjög mikilvægt, en þetta eitthvað er svo fjarlægt hugtökum sem almenn hugsun mannkynsins snýst um að þarflaust er fyrir

mig að ræða það frekar.

Hér kemur eitt atriði sem nauðsynlegt er að fjalla um áður en lengra er haldið. Í bókinni *A Treatise on Cosmic Fire*, eins og í ofangreindri setningu, kemur ekki ósjaldan fyrir að unnið er að fræðslunni fram að vissum punkti, en þá hætt með þeirri athugasemd, að vegna þróunarstöðu hins almenna manns þá muni hann bregðast á annan hátt við sannleikanum en nemi á lærisveinsstigi eða vígsluhafi. Þetta hlýtur að vera svo; allir leggja merkingu í orðin í samræmi við sitt sérstaka vitundarstig; enginn er fær um túlkun sanninda sem tekur mið af vitundarstigi þeirra sem komnir eru í herra þrep í stiga þróunarinnar. Hinum almenna lesenda er hins vegar ekki vel við að viðurkenna viðtækari sjónarmið en þau sem hann sjálfur er fær um að skynja, og setning eins og: „Það er þarflaust að fjalla nánar um þetta atriði þar sem vígsluhafar einir gætu skilið það“, gerir ekkert annað en að skaprauna honum og fá hann til að trúá því að undanbrögðin séu af ásetningi gerð, þar eð höfundinn þrjóti þekkingu og sé að reyna að bjarga sér úr klípu með þannig yfirlýsingu. Fyrir börn í barnaskóla væri vísindaritgerð merkingarlaus og ekkert annað en hrærigrautur orða, en fyrir sérfræðinga á viðkomandi sviði hefði hún skýra merkingu vegna þjálfunar þeirra og hugræns þroska. Á sama hátt eru þeir til sem hafa jafn skýran og ljósan skilning á viðfangsefninu um sálina og eðli hennar, eins og fjallað er um það í riti sem þessu, og almennir lesendur hafa á nútíma bókmenntum og allur almenningur á metsölubókum, eins og þið kallið þær. Einnig eru til þær þróðu sálir, þó ekki séu þær margar, sem skynja andann og eðli hans sem rökrétt og skiljanlegt viðfangsefni, sem hægt er að meta og skilja með tilstilli sálarinnar og þeirra máttargáfa sem hún býr yfir, alveg eins og mögulegt er að fá skilning á sálinni með atbeina hugans, sé hann nýttur á réttan hátt. Á allt öðru og lægra sviði vitum við að auðvelt er að skilja eðli efnislíkamans með athugun og réttri notkun tilfinningaeðlisins. Það er viss tegund af stolti, og afneitun á tímabundnum takmörkunum, sem vekja

hjá lesandanum óbeit á þeim setningum sem segja réttilega og á viðeigandi hátt: „Þegar þú hefur náð meiri þroska muntu skilja það sem að ofan greinir.“ Þetta þarf að vera alveg skýrt.

Fyrir meistara viskunnar er eðli andans, eða þeirrar pósitífu orkustöðvar lífs sem býr að baki allra forma, ekki meiri leyndardómur en eðli sálarinnar er fyrir hinum dulfræðilega sálfræðingi. Uppspretta hins eina lífs, sviðið eða ástandið, sem þetta líf streymir frá, er hinn mikli og duldi leyndardómur fyrir fullnuma Helgivaldsins. Eðli andans, eiginleikar hans og gerð hinnar kosmísku orku, sveiflutíðni hans og kosmísk grunnaðgreining eru námsefni vígsluhafa ofar þriðju vígslunnar og viðfangsefni athugana þeirra. Fullþroskað innsæi ásamt hugrænni túlkunarhæfni, sem þroskast hefur með þeim á hinu langa tímabili jarðvistarskeiðanna, er þeim ætíð til taks við þessar athuganir. Þeir nýta hið innra ljós sálarinnar til að útskýra og skilja það líf sem dvelur (aðskilið frá formi) á æðri sviðum vitundarinnar og streymir inn í sólkerfið okkar frá einhverri utanaðkomandi orkumiðstöð lífs. Þeir beina ljósinu (sem er í þeim og þeir meðhöndla og nýta) í tvær áttir, þar eð þeir standa á miðstaðnum og kjósa að starfa þar, á innsæis- eða búddíska sviðinu. Þeir beina ljósinu inn í heim formsins og öðlast með því þekkingu og réttan skilning á öllum hlutum; þeir beina ljósinu inn í hinn formlausu heim æðri sviðanna þriggja (formlaus frá sjónarmiði mannsins í heimunum þrem neðan innsæissviðsins) og leitast við að öðlast skilning, með stöðugt vaxandi útpenslu vitundarinnar, á eðli og markmiði þess sem hvorki er líkami né sál, hvorki kraftur né efni, heldur orsök hvors tveggja í alheiminum.

Að lokum, þegar vígsluhafinn hefur gengið í gegnum æðri sólkerfisvígslurnar og getur starfað með fullri mónadvitund, er honum mögulegt að skynja það sem er jafnvel aðskilið frá heildisformi og þeim þokukenndu hjúpum sem hjúpa og hylja Hið eina. Hinar æðstu gerðir vitunda starfa út frá sviði mónadsins, á sama hátt og vígsluhafi af lægri

gráðu starfar út frá sviði sálarinnar, og nota þau líffæri skynjunar (ef leyfilegt er að nota svo ófullnægjandi orðalag) og tæki til þekkingar sem hinn venjulegi maður getur ekki haft neina hugmynd um; þeir skyggjast inn í eða innifela í vitund sinni þá samheild lífs, vitundar og forms sem við nefnum Guð. Þessir háu vígsluhafar byrja svo að verða varir við sveiflutíðni, upplýsandi ljós, tón eða leiðbeinandi hljóm sem á upptök sín algerlega utan sólkerfisins. Eina leiðin sem við getum á nokkurn hátt lagt mat á það ferli sem fylgt er við útpenslu hinnar guðlegu vitundar mannsins er sú að athuga samband heilans og hugans og taka eftir því sem gerist þegar heilinn verður vitsmunalegt tæki hugans; síðan að rannsaka samband sálar og huga og það sem gerist þegar maðurinn er undir stjórn sálarinnar og hagnýtir hugann til að stjórna athöfnum á efnissviðinu með atbeina heilans. Í þessum þrem – sál, huga og heila – er að finna hliðstæðu og vísbendingu sem leitt getur til skilnings á anda, sál og líkama og gagnkvæmu starfi þeirra. Um þetta viðfangsefni var fjallað í bókinni, *The Light of the Soul*. Þegar búið er að fullkomna það ástand, sem fjallað er um í þeirri bók, fylgir í kjölfarið enn önnur útpensla þegar andinn (upptök hinnar framstreymandi orku mannsins) byrjar að nota sálina (með tilstilli innsæisins) og fer að þrýsta inn í sálarvitundina þeim lögmálum, þekkingu, kröftum og andagift sem gera mun sálina að tæki andans eða mónadsins, alveg á sama hátt og persóna mannsins varð, á fyrra stigi (með tilstilli hugans), tæki sálarinnar. Á þessu fyrra stigi var þróunin tvígreind. Heilinn varð móttækilegur fyrir áhrifum frá sálinni eftir því sem hún tók við stjórninni í gegnum hugann. Maðurinn vaknaði til vitundar um sjálfan sig, eins og hann raunverulega er, og hina þrjá heima mennskrar þróunar; síðar öðlaðist hann heildisvitund og var þá ekki lengur aðgreindur einstaklingur. Þegar sálin kemst undir yfirráð andans gerist hliðstæð tvígreind þróun:

1. Lærisveinninn verður ekki aðeins meðvitaður um sitt

eigið heildi og tengd heildi, því vitund hans þenst út þar til hún verður að því sem kalla mætti plánetuvitund.

2. Hann fer síðan að sameina þessa plánetuvitund einhverju sem er enn meiri samheild, og þroskar smám saman með sér vitund hins stærra lífs sem innifelur plánetulífið á svipaðan hátt og maðurinn innifelur í efnisbirtingu sinni líffæri eins og hjartað og heilann. Þegar þetta gerist þá byrjar hann að fá skilning á andanum, hinu eina lífi sem sem er grundvöllur allra forma, hinni miðlægu orku sem er orsök allrar raunbirtingar.

Við lestur ofangreindra hugmynda verða fyrstu viðbrögð hins almenna nema strax þau að hugsa sér líkamann eða hinn efnislega eðlisþátt sem birtingu orku af einhverri gerð. Tvígreiningin er því það sem fyrst kemur í hugann ásamt hugmyndinni um það sem notar hið efnislega sem tæki. Fyrir dulfræðinema á okkar tímum er samt eitt hið nauðsynlegasta að leitast við að hugsa út frá hinum eina raunveruleika sem er orkan sjálf og ekkert annað. Það er því gagnlegt í umræðum okkar um þetta torskilda efni að leggja áherslu á þá staðreynd að andi og orka eru hugtök sömu merkingar og jafngild. Það er aðeins með skilningi á þessu atriði að hægt er að setta vísindi og trúarbrögð og öðlast sannan skilning á hinum sívirka heimi atburða sem umlykur okkur og við lifum og hrærumst í.

Hugtökin lífrænt og ólífrænt eru að miklu leyti ábyrg fyrir stórum hluta þess ruglings og hins skýra greinarmunar í huga margra á milli líkama og anda, lífs og forms, og hefur leitt til þess að menn hafa hafnað því að viðurkenna hinn grundvallandi skyldleika á eðli þessara þátta. Flestir líta á heiminn sem raunverulega efnisþéttan og ápreifanlegan, en búandi samt yfir einhverjum dularfullum huldu mætti sem veldur hreyfingu, starfsemi og breytingum. Þetta er að sjálfsögðu sett fram í mjög grófum dráttum, en nægir sem samantekt á hinni óvitsmunalegu afstöðu.

Hinn hefðbundni vísindamaður er að mestu leyti niðursökkinn í uppbyggingu og tengsl, samsetningu forma og

starfsemi einstakra hluta þeirra og hvernig þeir tengjast innbyrðis og eru háðir hverjum öðrum. Viðfangsefnin í rannsóknum þeirra eru efnasamböndin og frumefnin, hlutverk þeirra, víxlverkun og gagnkvæm áhrif, þar sem þau eru efniviðurinn í öllum formum í öllum ríkjum náttúrunnar. Þörf er fyrir hina færustu hugsuði í heimi hugans til að fást við eðli frumeindarinnar, sameindarinnar og frumunnar, hlutverk þeirra, eiginleika kraftanna sem þau birta og hina mismunandi starfsemi þeirra, einnig til að leysa ráðgátuna um eiginleika og eðli orkutegundanna sem eru staðbundnar eða innstilltar í hinum margvíslegu formum efnisheimsins. Samt er mörgum spurningum ósvarað, eins og: Hvað er líf? Hvað er orka? Hvað veldur því að form verða til og hvert er eðli tilverunnar? Litið er á ráðgátuna **hvers vegna** og **til hvers** sem næstum því óleysanlega og að allar tilraunir í þá átt séu til einskis gagns og dæmdar til að mistakast.

Samt sem áður eru þessar ráðgátur leysanlegar og hægt er að fá svör við spurningunum með hreinni rökhugsun og rétttri virkni innsæisins. Lausn þeirra er ein af hefðbundnum opinberunum vígslunnar og árangur hennar. Hinir sönnu líffræðingar eru innvígðir í launhelgarnar, því þeir búa yfir skilningi á lífinu og tilgangi þess og eru svo samsamaðir frumtaki lífsins að hugsanir þeirra og orð tengjast orkunni og áhrifum hennar, og allt sem þeir gera í tengslum við störf helgivalds plánetunnar byggjast á nokkrum grundvallarreglum sem varða lífið eins og það birtist í sínum þrem aðgreiningum eða eðlisþáttum: orku, krafti og efni.

Rétt er að benda á það hér, að maðurinn getur aðeins öðlast skilning á þeirri samheild sem við nefnum Guð í sama mæli og hann skilur sjálfan sig. Þetta eru alkunn sannindi og margþvæld staðreynd í dulfræði, en ef farið er eftir þeim leiðir það til opinberunar sem gerir hinn núverandi „Óþekkta Guð“ að þekktri staðreynd. Leyfið mér að útskýra þetta nánar.

Maðurinn lítur á sjálfan sig sem lifandi veru, og það sem hann nefnir dauða er hið dularfulla ferli þar sem

andardráttur lífsins, eins og hann er venjulega nefndur, hverfur á brott. Við fráhrarf hans leysist formið í sundur. Hinn samloðandi og lífgefandi kraftur er horfinn og það veldur því, að það sem hingað til hefur verið talið líkaminn leysist upp í frumeindir sínar.

Þetta lífsfrumtak, þessi grunnkjarni tilvistar og þessi dularfulli og torskildi þáttur er hliðstæðan í manninum við það sem við nefnum anda eða líf í stórheiminum. Lífið í manninum viðheldur forminu í samhæfðri heild, lífmagnar og hvetur það til virkni og gerir hann þannig að lifandi veru, á sama hátt hefur líf Guðs (eins og kristnir menn kalla það) sambærilegt hlutverk í heiminum og myndar þá samhangandi og lifandi lífheild sem við nefnum sólkerfi.

Lífsfrumtakið í manninum birtir sig á þrjúgreindan hátt:

1. Sem hinn leiðandi vilji, tilgangur og grunnhvöt. Þetta er hin máttuga orka sem er frumhvöt tilveru hans, fæðir hann inn í heiminn, ákveður lífstímamann, leiðir hann í gegnum æviskeiðið, langt eða stutt, og dregur sig í hlé við lok lífshlaupsins. Þetta er andi mannsins sem birtist sem viljinn til lífs, tilveru, athafna, leitar og þroska. Lægsti þáttur hans tengist huglíkamanum og í efnislíkamanum verður hans vart í heilanum.

2. Sem hinn samloðandi kraftur. Það er sá mikilvægi eiginleiki sem gerir hvern mann sérstæðan og framkallar þá flóknu samsetningu lundarfars, langana, eiginleika, geðflækja, bælinga, tilfinninga og skapgerðareinkenna sem í heild sinni myndar hina sérstöku sálfræðilegu samsetningu mannsins. Þetta er afleiðing af samspili andans eða orkunnar og efnisins eða líkamans. Þetta er hinn einkennandi innri maður, eðli hans og einstaklingsbundinn tónn; það ákveður sveiflutíðni og virkni líkamans, myndar hina sérstöku formgerð hans, ber ábyrgð á ástandi og eðli líffæra hans, innkirtla og ytri þátta. Þetta er sálin, og í lægstu birtingu sinni má sjá hana að starfi í tilfinningalífinu eða

geðlíkamanum og, hvað efnislíkamann varðar, í hjartanu. 3. Sem starfsemi atómanna og frumnanna sem eru byggingareiningar líkamans. Það er samheild þeirra smáu lífa sem byggja upp líffærin sem mynda líkama mannsins í heild sinni. Þau eru gædd eigin lífi og vitund sem er fullkomlega sjálfstæð og sérgreind. Þessi þáttur lífsfrumtaksins starfar í gegnum ether-eða líforkulíkamann og í gegnum miltað hvað hið efnispétta gangverk hins ápreifanlega forms varðar.

Við skulum því hafa hugfast að skilgreining á andanum eða Guði er ekki möguleg. Þegar sagt er að andinn sé hin ólýsanlega, óskilgreinanlega orsök, hin útstreymandi orka, hið eina líf og upptök tilverunnar, samheild allra krafta, allra vitundarstiga og allra forma, samheild lífs og þess sem þetta líf birtir, sjálfið og ekki-sjálfið, kraftur og allt sem krafturinn hefur áhrif á, þá er í raun aðeins verið að forðast viðfangsefnið, reyna hið ómögulega og fela sannleikann bak við orðform. Hjá þessu er þó ekki hægt að komast fyrir en sá tími rennur upp að maðurinn kemst í snertingu við sálarvitundina og honum er mögulegt að skynja Hið formlausa með skýru ljósi innsæisins.

Ein fyrsta lexían sem við þurfum að læra er sú að hugir okkar gera það að verkum, þar eð þeir eru enn ófærir að bregðast við hinu dulda innsæi, að við erum ekki fær um að segja með fullvissu að þetta eða hitt ástandið sé svona eða þannig; þar til við getum starfað í sálarvitund okkar er ekki mögulegt fyrir okkur að segja hvað er og hvað er ekki; þar til við höfum gengist undir nauðsynlega þjálfun erum við í engri aðstöðu til að hafna eða samþykkja eitt né neitt. Afstaða okkar ætti að mótast af skynsamlegri rannsókn, og áhugi okkar ætti að líkjast áhuga hins rannsakandi heimspekings, sem er fús til að viðurkenna tilgátu ef hún virðist líkleg, en vill ekki samþykkja neitt sem sannaða staðreynd fyrir en hann sjálfur getur og hefur gengið úr skugga um sannindi hennar. Þar sem ég er nemi æðri launhelganna og hef lagt stund á þær um lengri tíma en

mörgum hefur enn verið mögulegt, get ég skrifað um hluti sem enn er ómögulegt að sanna fyrir ykkur eða almenningi sem kann að lesa þessar leiðbeiningar. Þær geta verið og eru sannaðar staðreyndir fyrir mér, og það kann að vera fullnægjandi fyrir mig. Afstaða ykkar ætti að vera sú að þær séu mikilvægir möguleikar og vísbendingar um hvert mögulegt sé að leita sannleikans, en lengra ættuð þið ekki að leyfa ykkur að ganga. Gildi þessara leiðbeininga felst í heild þeirra og liggur í grunnuppbyggingu þeirra eða beinagrind samstæðra og samtengdra staðhæfinga sem skoða verður í heild sinni en ekki í einstökum smáatriðum, en fyrir því eru tvær ástæður:

1. Orðin fela sannleikann, eins og áður var sagt, en opinbera hann ekki. Ef sannindi uppgötvast, er það vegna þess að neminn hefur fundið sannleika með sjálfum sér sem þjónar þeim tilgangi að bregða ljósi á leið hans eftir því sem hann fetar hana fram á við hægum skrefum.

2. Til eru margar gerðir huga, og ekki er hægt að búast við að upplýsingar sem gefnar eru, til dæmis í þessari bók, muni höfða til allra. Hafa þarf í huga að allir menn eru vitundareiningar sem andað er fram á einum af sjö andardráttum Guðs. Jafnvel mónadar eða andlegir eðlisþættir þeirra eru því í eðli sínu mismunandi, alveg á sama hátt og þrístrent gler brýtur ljós í sjö aðgreinda liti. En þetta er þó aðeins svo vegna eðlis og sjónarmiðs skyntækis þess manns sem nemur og aðgreinir hina mismunandi sveiflutíðni ljóssins. Þessir sjö undirhópar skapa mismunandi viðhorf, hugrænt eðli og aðferð, sem öll eru jafn rétt, en þau mynda öll lítilsháttar mismunandi sjónarhorn. Þegar við þetta bætist atriði, eins og breytilegt þróunarstig, mismunandi þjóðerni og skapgerðareiginleikar, og hinn eðlislægi greinarmunur sem kemur fram við samspil efnislíkamans og umhverfisins, þá verður augljóst að engin nálgun á svo

torskildu efni eins og eðli anda og sálar getur byggt á almennum skilgreiningum né fallið undir alheimslega iðorðafræði.

b. Sálin, meðalgangarinn eða miðfrumtakið.

Það er nauðsynlegt að öðlast skilning á eðli sálarinnar frá tvenns konar sjónarmiði: annað er þáttur sálarinnar í tengslum við fjórða ríki náttúrunnar, þ.e. mannkynið, og hitt tengist lægri ríkjum náttúrunnar en þau eru, eins og nauðsynlegt er að muna, endurspeglun hinna þriggja æðri.

Hafa þarf í huga að sál efnisins, „anima mundi“ eða heimssálin, er hinn skynræni þáttur í sjálfu efninu. Hún er svörunarþáttur efnisins alls staðar í heiminum og sá eðlislægi eiginleiki allra forma, allt frá atómi efnafræðingsins til sólkerfis stjörnufræðingsins, sem framkallar hina ómótmælanlegu vitsmunalegu virkni sem þau öll sýna. Hægt er að nefna hana aðlöðunarkraft, samloðun, skynjun, líf, varurð eða vitund, en ef til vill er best að lýsa sálinni þannig að hún sé *eiginleikinn* sem hvert form birtir. Hún er sá dularfulli þáttur sem aðgreinir frumefnin hvert frá öðru. Hún er það óáþreifanlega innra eðli formsins sem í jurtaríkinu ræður hvort til verður rós, blómkál, álmur eða vætukarsi; hún er orkutegundin sem aðgreinir hinar ýmsu tegundir í dýraríkinu og gerir hvern mann ólíkan öllum öðrum í útliti, eðli og skapgerð. Vísindin hafa flokkað, rannsakað og skilgreint formin; frumefnum, steinefnum og hinum margvíslegu tegundum jurta og dýra hafa verið gefin nöfn; uppbygging forma og þróunarsaga þeirra hafa verið rannsökuð, ályktanir dregnar og niðurstöður settar fram, en vitrustu mönnum hefur ekki enn tekist að ráða gátuna um lífið sjálft, og sú ráðgáta verður óleyst þar til skilningur á „vef lífsins“ eða orkulíkamanum, sem liggur að baki öllum formum og tengir öll form saman, hefur aukist og er orðinn að viðurkenndri staðreynd í náttúrunni.

Telja má líklegt að skilgreining sálarinnar sé

auðveldari en skilgreining andans af þeirri ástæðu að svo margir hafa einhvern tíma reynt sjálfir uppljómun, opnun, upplyftingu og alsælu sem hefur fært þeim sönnur á því að til sé vitundarstig sem er svo fjarlægð hinna daglegu vitund að í því birtist nýtt tilverustig og nýtt stig varurðar. Þetta er eitthvað sem menn skynja og upplifa og felur í sér þá sálrænu vitundarþenslu sem launspekingar hafa tjáð í gegnum aldirnar, og Páll postuli átti við þegar hann talaði um að vera „hafinn upp í þriðja himinn,“ og heyra um hluti þar sem mönnum var ekki leyfilegt að ræða um. Þegar bæði heyrn og sjón eru hluti af skynjun og reynslu á þessu sviði, þá er um að ræða mann sem er dulspekingur ásamt því að vera launspekingur.

1. Sálin, stórheimsleg og smáheimsleg, alheimsleg og mennsk, er vera sem verður til við samtengingu eðlisþáttar andans og efnisins.

a. Sálin er því hvorki andi né efni heldur sambandið á milli þeirra.

b. Sálin er meðalgangarinn í þessu tvíþætta sambandi; hún er miðfrumtakið, tengiliðurinn á milli Guðs og formsins sem hann notar.

c. Sálin er því annað nafn á Krists-eðlisþáttinum, hvort sem það er í náttúrunni eða í manninum.

2. Sálin er aðlöðunarkraftur hins skapaða alheims, og þegar hún starfar viðheldur hún öllum formum, svo að líf Guðs geti birt sig og tjáð sig í gegnum þau.

a. Sálin er því formbyggjandinn og sá aðlaðandi þáttur í öllum formum alheimsins, í plánetunni, í náttúru-ríkjunum og manninum (sem felur í sér samheild allra eðlisþáttanna) sem er orsökina að birtingu formanna, gerir þeim kleift að þroskast og vaxa í þeim tilgangi að verða hæfari hífýli fyrir ídveljandi lífið, og er krafturinn sem knýr alla skapaði Guðs fram á við eftir þróunarbrautinni, í gegnum hvert náttúru-ríkið á fætur öðru, í átt til vantanlegs markmiðs og dýrlegrar

fullkominunar.

b. Sálin er kraftur sjálfrar þróunarinnar og þetta hafði Páll postuli í huga þegar hann mælti orðin: „Kristur hið innra, von dýrðar.“

3. Sálin birtist á mismunandi hátt í hinum ýmsu náttúruríkjum, en hlutverk hennar er ætíð hið sama hvort sem við erum að ræða um efnisatóm og hæfileika þess til að viðhalda einkennum sínum og formi og vinna sitt hlutverk eftir eigin leiðum, eða form í einhverju af náttúruríkjunum þrem, sem sýnir fram á eiginleika, lifir sínu eigi lífi samkvæmt eðlishvöt og starfar sem heild að einhverju æðra og betra.

a. Það er því sálin sem veitir auðkennandi einkenni og margvíslegar formbirtingar.

b. Sálin leikur um efnið og knýr það til að taka á sig sérstaka lögun, bregðast við vissri sveiflutíðni og byggja þau sérhæfðu efnisform sem við þekkjum í efnisheiminum sem form steinefna, jurta, dýra og manna, og að auki nokkur önnur form fyrir vígsluhafa.

4. Eigindir, sveifluvirkni, litir og einkenni í öllum ríkjum náttúrunnar eru sálareiginleikar, og sama er að segja um hina duldu hæfileika sem búa í öllum formum og leitast við að tjá sig og sýna fram á möguleika sína. Við lok þróunartímans munu þau í heild sinni opinbera eðli hins guðlega lífs og heimssálarinnar sem birtir sérkenni Guðs.

a. Sálin raunbirtist því í gegnum þessar eigindir og sérkenni sem meðvituð svörun við efninu, því eiginleikar verða til fyrir samspil andstæðnanna, anda og efnis, og þau áhrif sem þau hafa hvort á annað. Þetta liggur til grundvallar vitund.

b. Sálin er eðlispáttur vitundarinnar í öllum formum, uppspretta þeirrar varurðar sem öll form sýna og þeirrar svörunar við umhverfispáttum sem öll form í öllum ríkjum náttúrunnar bera vitni um.

c. Það er því hægt að skilgreina sálina sem þann

mikilvæga eðlisþátt í sérhverju formi (sem til er orðið við þennan samruna anda og efnis) sem skynjar, verður var við, laðar að sér eða hrindir frá sér, andsvarar eða hafnar svörun og viðheldur öllum formum í stöðugu ástandi sveifluvirkni.

d. Sálin er sú lífvera sem verður til við samruna Föður-anda og Móður-efnis. Til dæmis má nefna að í jurtaríkinu er hún sá eiginleiki sem veldur svörun við geislum sólarinnar og orsakar það að blómknappurinn opnast; í dýraríkinu er hún sá þáttur sem gerir dýrinu kleift að virða húsbónda sinn, elta bráð hans og lifa lífinu í samræmi við eðlishvöt sína; hún er sá þáttur í manninum sem gerir hann meðvitaðan um umhverfi sitt og samferðamenn, og gerir honum kleift að lifa lífi sínu í hinum þrem heimum venjulegrar þróunar sem áhorfandi, skynjandi og þátttakandi. Það er þetta sem gerir honum kleift um síðir að uppgötva að sál hans er tvískipt, að hluti hans tilheyri dýrasálinni og annar hluti hans viðurkenni hina guðlegu sál. Nú á tímum eru samt flestir þannig að þeir starfa hvorki algerlega sem dýrasálir eða algerlega sem guðlegar sálir heldur eru einhvers staðar mitt þar á milli sem mennskar sálir.

5. Til skýringar má segja að sál alheimsins geti aðgreinst eða öllu heldur, vegna takmörkunar formsins sem hún þarf að starfa í gegnum, er mögulegt að greina hana á mismunandi tíðnisviði og mismunandi þróunarstigi. Sálareðlið í alheiminum birtist því í vissum miklum stigum varurðar ásamt mörgum milllistigum, en þau helstu eru eftirfarandi:

a. *Vitund*, eða það varurðarstig í sjálfu efninu sem orsakast af því að Móður-efni hefur frjóvgast af Föður-anda og líf og efni þannig sameinast. Þessi gerð vitundar varðar frumeindir, sameindir og frumur sem mynda byggingarefni allra forma. Þannig verður til form sólkerfis eða plánetu og alls sem er að finna á

plánetunni eða innan hennar.

b. Vitund sem býr yfir vitsmunum og skynhæfni, það er sú vitund sem birtist í steina- og jurtaríkinu. Það er hún sem er orsökinn fyrir eigindum, lögun og litum jurta- og steinefnaforma ásamt hinum sérstöku eðliseigindum þeirra.

c. Dýravitund, eða varurð fyrir sálarsvörun í öllum formum dýraríkisins, sem veldur sérkennum þeirra og skiptingu í tegundir og eðliseigindir.

d. Mennsk vitund eða sjálfsvitund, það er markmiðið sem líf, form og varurð í hinum þrem ríkjum náttúrunnar hefur smátt og smátt beinst að. Þetta hugtak varðar einstaklingsbundna vitund mannsins; á fyrri stigum er hún meira í ætt við dýraríkið en hið guðlega, vegna ráðandi stöðu dýralíkamans með eðlishvötum sínum og tilhneigingum. H.P.B. skilgreinir manninn með nákvæmni þannig að hann sé „bæði dýr og guð“. Síðar verður hann meira menskur, er hvorki einvörðungu dýr né algerlega guðlegur, heldur sveiflast hann á milli þessara tveggja stiga og gerir því mannríkið að hinum mikla baráttuvelli andstæðnanna. Andinn togar og laðar en efnið eða móður-eðlið tælir, og baráttan stendur því á milli þess sem nefnt er lægra sjálfið og hins andlega manns.

e. Heildisvitund er vitund hinna miklu samheilda, og maðurinn nær því stigi fyrst og fremst með því að þroska sína eigin sjálfsvitund, sem er samheild lífanna sem mynda hinn efnislega, geðræna og hugræna eðlisþátt hans ásamt guðsneistanum sem dvelur innan formanna sem þeir mynda. Síðan verður hann var við sitt eigið heildi sem samanstandur af hópi lærisveina sem starfar undir leiðsögn einhvers meistara sem er fyrir honum fulltrúi Helgivaldsins. Það má skilgreina Helgivaldið sem samheild þeirra mannssona sem eru ekki lengur vitundarstilltir í hinni einstaklingsbundnu sjálfsvitund en hafa náð æðri og víðtækara vitundarstigi, því sem heyrir til heildislífi

plánetunnar. Þessi vitund er til í mörgum stigum, allt frá hinum örsmáa hópskilningi reynslunemans og upp til hinnar fullkomnu heildisvitundar þess Lífs sem innifelur öll form, eða vitund Plánetulogossins, „Andans frammi fyrir hásetinu“ sem birtir sig í gegnum form plánetu á sama hátt og maðurinn birtir sig í gegnum form í ríki mannsins.

Það má því líta á sálina sem hina sameinuðu skynhæfni og hlutfallslegu varurð þess sem býr að baki forms plánetu eða sólkerfis. Þau síðastnefndu eru samheild allra forma, lífrænna og ólífrænna, eins og efnishyggjumaðurinn aðgreinir þau. Sálin myndar eina mikla heild, en birting hennar takmarkast þó af eðli og eiginleikum formsins sem hún nýtir, og það eru þar af leiðandi til form sem eru mjög næm fyrir sálinni og tjá hana vel, og svo önnur form sem eru ófær um að skynja æðri þætti hennar eða tjá meira en lægri sveiflutíðni, lit eða tón hennar, vegna þéttleika síns og eiginleika atómanna sem þau eru samsett af. Maðurinn gerir sér grein fyrir hinu óendanlega smáa og gerir ráð fyrir hinu óendanlega stóra; en þetta er aðeins hugtak í vitund mannsins þar til vitund hans er orðin umlykjandi ásamt því að vera sérgreind. Skilningur fæst á þessu hugtaki þegar náðst hefur samband við annan eðlispáttinn og menn hafa öðlast skilning á eðli sálarinnar. Einnig verður að hafa í huga, að hin grundvallandi þrígreining raunbirtingarinnar birtist með táknrænum hætti hjá manningnum sem skerfur hans af orku (efnislegri orku), taugakerfi og efnislíkami, og sambærilega má þá líta á sálina sem þríeiningu, hina æðri hliðstæðu hins lægra.

Þrígreining sálarinnar birtist fyrst í *hinum andlega vilja*, – þeim hluta hins alheimslega vilja sem hver sál getur tjáð og er nægilegur til þess að gera hinum andlega manni kleift að taka þátt í samvinnu um áætlun og markmið hins mikla lífs sem hann er hluti af. Annar eiginleiki sálarinnar er *andlegur kærleiki*, eiginleiki heildisvitundar, samsömunar, miðlunar, aðlöðunar og

sameiningar. Þetta er ríkjandi eiginleiki sálarinnar, því það er aðeins sálin sem hefur hann sem ráðandi þátt. Andinn eða mónadinn er aðallega tjáning vilja, en eðlisþættir kærleika og vitsmuna eru þar til viðbótar. Persónuleikinn einkennist mest af vitsmunum, en sálin er að áberandi mestu leyti tjáning kærleika sem birtist einnig sem viska þegar vitsmunir persónuleikans blandast kærleika sálarinnar. Eftirfarandi upptalning getur gert hugmyndina skýrari:

Mónad.....Vilji.....Tilgangur

1. eðlisþáttur Vilji sem gerir mónadinum kleift að taka þátt í hinum alheimslega ásetningi.
2. eðlisþáttur Kærleikur eða orkan sem streymir inn í sálina og gerir hana að því sem hún er.
3. eðlisþáttur Vitsmunir, miðlaðir í gegnum sálina og raunbirtir í persónuleikanum.

Sál.....Kærleikur.....Aðferðin

1. eðlisþáttur Vilji sem haldið er í biðstöðu, en hann tjáir sig í gegnum huga persónuleikans og kúndalíni. Þegar kúndalíni-orkan hefur verið vakin á réttan hátt, gerir hún æðri vitundarvígslurnar inn í vitund mónadsins mögulegar.
2. eðlisþáttur Kærleikur, hinn ráðandi kraftur sálarlífsins. Þessi eigind og tegund orku gerir sálinni kleift að vera í tengslum við allar sálir. Í gegnum geðlíkamann getur sálin komist í snertingu við allar sálir dýra eða lægri náttúruríkjanna. Í gegnum starf sitt á sínu eigin sviði kemst hún í samband við hugleiðandi sálir allra manna. Í gegnum eðlisþátt búddhi nær hún sambandi við annan eðlisþátt mónadsins.
3. eðlisþáttur Þekking. Þessi eðlisþáttur tengist vitsmunum allra fruma í hinu þrígreinda líkamseðli.

Með því að athuga ofangreindar staðreyndir með

gaumgæfni verður ljóst hvernig sálin starfar sem meðalgangari á milli mónadsins og persónuleikans.

Í persónuleikanum liggur falinn, eins og gimsteinninn í skartgripaskríninu, sá depill sálarljóss sem við nefnum ljósið í höfðinu. Hann er staðsettur í heilanum og er aðeins uppgötvaður og síðar hagnýttur þegar æðsti eðlisþáttur persónuleikans, hugurinn, er orðinn þroskaður og virkur. Þá gerist sameining sálar og persónu og sálin fer að starfa í gegnum hið lægra sjálf persónuleikans.

Í sálinni liggur dulinn, eins og „gimsteinninninn í lótusinum,“ sá eiginleiki virkrar orku sem er hinn raunbirti eðlisþáttur mónadsins, viljinn. Þegar sálin hefur þroskað alla hæfileika sína og lært að innifela í vitund sinni allt sem átt er við með orðunum „hinn aragrúi forma sem tilveran tekur á sig,“ þá verður enn yfirgrípsmeira vitundarstig mögulegt og líf mónadsins leysir sálarlífið af hólmi. Það felur í sér hæfni til að vita, unna og taka þátt í áætlunum lífs sem hefur á valdi sínu að innifela í vitund sinni ekki aðeins þá samheild lífa og vitundarstiga sem tilheyra lífi Logoss plánetunnar okkar, heldur einnig öll líf og vitundarstig innan sólkerfisins okkar. Skilningur á eðli þessarar varurðar er aðeins mögulegur þeim manni sem öðlast hefur sálarþekkingu. Hin mikla þörf á okkar tímum er fyrir sérfræðinga í lífi sálarinnar og þá hópa karla og kvenna sem geta bætt sínum vitnisburði við sannindin sem launspekingar og dulspekingar hafa haldið fram í gegnum aldirnar með því að taka þátt í hinn miklu tilraun og umbreytingu.

c. Líkaminn, hin hlutlæga birting.

Ekki er þörf á því að skrifa mikið um þetta efni, því að eðli líkamans og formsins hefur verið viðfangsefni rannsókna og umhugsunarefni og umræðuefni hugsandi manna um aldir. Margar niðurstöður þeirra eru réttar í grundvallaratriðum. Athugendur nútímans viðurkenna lögmál hliðstæðnanna sem grundvallarforsendu og sjá stundum að hin

Hermíska kenning, „Sem hið efra, svo hið neðra,“ getur varpað miklu ljósi á vandamál samtímans. Eftirfarandi forsendur geta skýrt málið:

1. Maðurinn, í efnislíkama sínum, er samheild, eining.
2. Þessari heild er deilt niður í marga hluta og líffæri.
3. Þessir hlutar starfa samt sem eining, og líkaminn er samtengd heild.
4. Hver þessara hluta hefur mismunandi form og hlutverk, en allir eru háðir hverjum öðrum.
5. Hver hluti og hvert líffæri er sjálft samsett úr sameindum, frumum og atómum, og þeim er haldið saman í ákveðnu formi af lífi heildarinnar.
6. Samheildin, maðurinn, skiptist í grófum dráttum í fimm hluta, sumir þeirra eru mikilvægari en aðrir, en allir til samans mynda þeir lifandi líffærakerfi sem við nefnum mennska veru.
 - a. Höfuðið
 - b. Efri hluti bolsins, það sem er ofan við þindina.
 - c. Neðri hluti bolsins, það sem er neðan við þindina.
 - d. Handleggirnir
 - e. Fætturnir
7. Þessi líffærakerfi þjóna mismunandi hlutverkum, og vellíðan heildarinnar er háð starfsemi þeirra og réttri samhæfingu.
8. Sérhvert líffæri býr yfir sínu eigin lífi, sem er samheild af lífi efnisatóma þess, og er einnig lífmagnað af sameinuðu lífi heildarinnar, sem stýrt er frá höfðinu af vitrænum vilja eða orku hins andlega manns.

9. Hinn mikilvægi hluti líkamans er þrígreiningin, höfuðið, efri bolur og neðri bolur. Maðurinn getur starfað og lifað án handleggja sinna og fóta.
10. Hver þessara þriggja hluta er einnig þrígreindur, efnislega séð, sem myndar samsvörunina við hið þrígreinda eðli mannsins og níugreiningu hins fullkomnaða lífs mónadsins. Um er að ræða fleiri líffæri, en þau sem hér eru upptalin hafa innræðara gildi en önnur.
 - a. Innan höfuðsins eru:
 1. Hin fimm hólf heilans, eða heilinn sem samsett og sameinað líffæri.
 2. Kirtlarnir þrír, carotid, heilaköngull og heiladingull.
 3. Augun tvö.
 - b. Innan efri hluta bolsins eru:
 1. Hálsinn
 2. Lungun
 3. Hjartað
 - c. Innan neðri hluta bolsins eru:
 1. Miltað
 2. Maginn
 3. Kynfærin
11. Samheild líkamans er einnig þrígreind:
 - a. Húðin og beinagrindin.
 - b. Æða- og blóðrásarkerfið.
 - c. Hið þrefalda taugakerfi.
12. Hver hluti þrígreiningarinnar samsvarar hinum þrem eðlisþáttum mannsins:
 - a. Efnisformið: Húðin og beinagrindin samsvara hinum þétta líkama og etherlíkama mannsins.
 - b. Sálin: Blóðæðarnar og hringrásarkerfið eru samsvörun hinnar allt-umlykjandi sálar sem fyllir út í alla hluta sólkerfisins, alveg eins og blóðið nær út til allra

hluta líkamans.

- c. Andinn: Taugakerfið, sem starfar um allt efnisform mannsins og eflir það, er samsvörunin við orku andans.
13. Í höfðinu er samsvörunin við eðlisþátt andans, hinn stjórnandi vilji, Mónadinn, hinn Eini.
- a. Hin fimm hólf heilans samsvara efnisforminu sem andinn lífmagnar í tengslum við manninn, hin fimmfalda samheild er tækið sem andinn verður að nota til að tjá sig á efnissviðinu.
 - b. Kirtlarnir þrír í höfðinu eru nátengdir sálinni eða hinu sálræna eðli (hærra og lægra).
 - c. Augun tvö eru hliðstæður mónadsins á efnissviðinu, sem er vilji og kærleikur-viska, eða atma-búddhi, eftir því hvaða dulspekilegu hugtök eru notuð.
14. Í efri hluta bolsins er samsvörun við hið þrígreinda eðli sálarinnar.
- a. Hálsinn, hliðstæða hins skapandi þriðja eðlisþáttar eða efnisformsins, hinir virku vitsmunir sálarinnar.
 - b. Hjartað, kærleikur-viska sálarinnar, búddhi eða Kristseðlisþátturinn.
 - c. Lungun, samsvörunin fyrir andardrátt lífsins, er hliðstæða andans.
15. Í neðri hluta bolsins er einnig að finna þetta þrígreinda kerfi.
- a. Kynfærin, hinn skapandi eðlisþáttur, sem býr til líkamann.
 - b. Maginn, sem efnisbirting sólarplexus stöðvarinnar, samsvarar sálinni.
 - c. Miltað, móttakandi orku og þess vegna efnisleg tjáning orkustöðvarinnar sem móttækur þessa orku, er samsvörunin við hinn orkugefandi anda.

Lífsorkulíkaminn er tjáning sálarorkunnar og hefur eftirfarandi hlutverk:

1. Hann sameinar og samtengir samheild allra forma í eina heild.
2. Hann veitir sérhverju formi sinn sérstaka eiginleika, en það ræðst af eftirfarandi:
 - a. Hvaða efnisgerð það er sem dregst að þessum sérstaka hluta lífsvefsins.
 - b. Hver staðsetning þessa sérstaka forms er í líkama Plánetulogossins.
 - c. Hvaða sérstaka náttúruríki er verið að lífmagna.
3. Hann er eðlisþáttur samsömunar og hins samloðandi krafts raunbirtingarinnar frá hreinu efnislegu sjónarmiði.
4. Þessi lífsvefur er hin óhlutlæga hliðstæða taugakerfisins, og ef byrjendur í hinum innræðu fræðum hafa þetta í huga, geta þeir séð fyrir sér net af taugum og taugahnoðum um allan líkamann, eða samheild allra forma, sem samhæfir, tengir saman og framkallar hina nauðsynlegu einingu.
5. Innan þessarar einingar er fjölbreytileika að finna. Hin mismunandi lífríki og hinn mikli fjöldi mismunandi forma eru innbyrðis tengd innan líkama Plánetulogossins alveg á sama hátt og hin ýmsu líffæri líkamans tengjast með netgreiningu tauganna. Að baki hins hlutlæga alheims er hinn fíngerðari næmi líkami – eitt lífkerfi, ekki mörg, eitt næmt, móttækilegt og samtengt form.
6. Hlutverk þessa næma forms er ekki það eitt að bregðast við umhverfinu, það er einnig miðlari vissra orkutegunda (frá innri uppsprettum), og segja má að markmið þessa rits sé sá að taka til athugunar hinar mismunandi orkugerðir sem miðlað er til formsins í ríki mannsins, svörunarhæfni formsins við þessum tegundum

orku, áhrif kraftsins á manninn og hina hægt vaxandi svörunarhæfni mannsins við krafti sem er upprunninn:

- a. Frá umhverfinu og hans eigin efnislíkama.
- b. Frá sviði tilfinninganna eða hinum geðrænu kröftum.
- c. Frá sviði hugans eða hugsanastraumum.
- d. Frá sálinni, en það er aðeins maðurinn sem getur tjáð þann kraft, og hann er í umsjá fjórða náttúruríkisins. Þessi kraftur hefur leyndardómsfull og sérkennileg áhrif.
- e. Orkutegundin sem efnisgerir hugmyndir á efnissviðinu.
- f. Hrein andleg orka eða kraftur frá mónadsviðinu.

Mannkynið getur tjáð allar þessar mismunandi tegundir krafts. Lægri ríki náttúrunnar geta tjáð sumar gerðir hans. Lífsorkulíkami mannsins er þannig gerður að með aðstoð þriggja efnisbirtinga hans – hins þriggreinda taugakerfis, hinna sjö megintaugamiðstöðva, hinna minni taugahnoða og hins mikla fjölda tauga – getur hinn hlutlægi maður í heild sinni brugðist við:

- a. Ofangreindum krafttegundum.
- b. Orkutegundum sem verða til í og stafa frá einhverjum hluta etherlífvefs plánetunnar.
- c. Lífvef sólkerfisins.
- d. Stjörnumerkjum dýrahingsins sem virðast hafa raunveruleg áhrif á plánetuna okkar. Stjörnuspekin er enn sem komið er aðeins vanþróuð athugun þeirra.
- e. Vissum kosmískum kröftum. Síðar mun koma í ljós að þeir leika um og valda breytingum í sólkerfinu okkar og þar af leiðandi á plánetunni okkar og öllum formum á og innan plánetulífsins. Minnst hefur verið á þetta í bókinni *A Treatise on Cosmic Fire*.

Við öllu þessu bregst lífvefur plánetunnar, og þegar stjörnuspekingar starfa á dulfræðilegan hátt og taka til athugunar stjörnukort plánetunnar munu þeir öðlast skjótari skilning á áhrifum frá dýrahingnum og kosmískum áhrifum.

Heimssálin, eða anima mundi, er það sem myndar grunn lífvefsins. Hið síðarnefnda er aðeins efnislegt táknið hinnar alheimslegu sálar; hann er hið ytra og sýnilega merki hins innra raunveruleika, eða efnispéttingu hinnar næmu og móttækilegu veru sem tengir saman anda og efni. Við nefnum þessa veru Heimssálinna, miðfrumtakið frá sjónarmiði plánetulífsins. Þegar við þrengjum hugtakið niður til fjölskyldu mannsins og tökum einstaklinginn til athugunar, þá nefnum við hana meðalgangarann, því að sál mannkynsins er ekki aðeins vera sem tengir saman anda og efni og er milliliður milli mónadsins og persónuleikans, hún hefur einnig það sérstaka hlutverk að vera meðalgangari milli þriggja æðri lífríkja náttúrunnar og hinna þriggja lægri. Hin þrjú æðri eru:

1. Hið andlega helgivald plánetunnar, náttúruandar eða englar og mannsandar sem stödd eru á sérstökum stað í þróunarstiganum. Þeirra æðstur er Sanat Kumara sem er birting Plánetulogossins, og lögstir eru vígsluhafar af fyrstu gráðu, ásamt tilsvarendi verum á þróunarleið þeirri sem við nefnum engla- eða tívaþróun.
2. Lífríki geislanna – vissir hópar geislanna sjö í tengslum við plánetuna okkar.
3. Ríki lífvera sem rás þróunarinnar hefur safnað saman frá okkar plánetuþróun og fjórum öðrum plánetum, en þau birta í sér markmið og áætlun Sólarlogossins í tengslum við umræddar fimm plánetur.

Ef við þrengjum hugtakið niður til smáheimsins, þá starfar sálin eða egóið í raun sem miðfrumtakið er tengir ríki mónadanna við hin ytri margbreytilegu form sem þeir nota hvert á fætur öðru í þeim tilgangi að:

- a. Öðlast vissa reynslu sem leiðir til áunninna eiginleika.
- b. Vinna úr vissum áhrifum sem eiga upptök sín í fyrra sólkerfi.

c. Taka þátt í samstarfi um áætlun Sólarlogossins sem tengist karma hans (ef hægt er að nota fornafn þegar rætt er um líf sem er tilvera og um leið útvíkkað hugtak) – atriði sem oft vill gleymast. Við úrvinnslu á karma hans verður að nota aðferð efnislegrar holdgunar og þar af leiðandi þau áhrif sem hin holdgaða orka hefur á efni formsins. Í sambandi sólar og tungls felst tákn þessa fyrir okkur, ef við aðeins gætum gert okkur grein fyrir því. „Sólguðinn örvar hina deyjandi tungljöfra með hita sínum og ljósi til óekta lífs. Þetta er hin mikla blekking; og tálsýn Nálægðar Hans.“ – Svo segir í *Skýringaritinu forna* sem ég hef svo oft vitnað í í fyrri bókum. Ofangreint hugtak felur einnig í sér sannleikskjarna fyrir hina einstaklingsbundnu sál.

Þetta miðjufrumtak er nú að opinberast. Lægri þátturinn er virkur. Hinn æðri er óþekktur, en það sem tengir þá (og leiðir um leið í ljós eðli hins æðra) er í þann mund að uppgötvast. Stoðverkið, gangverkið, er nú reiðubúið og þroskað til fullrar gagnsemi; lífsorkan sem getur leiðbeint og stjórnað vélinni er einnig til staðar, og maðurinn getur nú notað og stjórnað af skynsemi, ekki aðeins vélinni, heldur einnig hinum virka eðlisþætti.

Hið mikla tákn sálarinnar í manninum er lífsorku- eða etherlíkami hans, og það er af eftirfarandi ástæðum:

1. Hann er efnisleg hliðstæða hins innra ljóslíkama sem við nefnum sálarlíkama, hinn andlega líkama. Hann er nefndur „hin gullna skál“ í Biblíunni og einkennist af:
 - a. Eiginleikum ljóss síns.
 - b. Sveiflutíðni sinni, sem ætíð er samstiga þroska sálarinnar.
 - c. Samloðandi krafti sínum sem samtengir alla hluta líkamans.
2. Hann er „lífsvefur“ smáheimsins, því hann er undirstaða allra hluta efnislíkamans og hefur þrjú hlutverk:

- a. Að dreifa lífsfrumtakinu, eða orkunni sem framkallar virkni, um líkamann. Þetta gerir hann með blóðinu, en miðstöð dreifingarinnar er hjartað. Það er uppspretta hinnar efnislega lífsorku.
- b. Að gera sálinni, eða hinum mennska en samt sem áður andlega manni, kleift að komast í samband við umhverfi sitt. Þetta gerist með tilstilli taugakerfisins í heild sinni. Miðstöð þeirra starfsemi er í heilanum. Þar er aðsetur meðvitaðrar skynjunar.
 - c. Að framkalla um síðir, með atbeina lífs og vitundar, geislandi virkni, eða birtingu dýrðar sem gerir manninn að miðstöð dreifingar ljóss og aðlöðunarorku til annarra manna, og í gegnum mannkynið til lægri náttúruríkjanna. Þetta er hluti af áætlun Plánetulogossins um lífgun og endurnýjun þeirra forma sem við segjum að tilheyri lægri lífríkjunum.
3. Þetta smáheimslega tákni sálarinnar er ekki aðeins grunnur hinnar efnislegu birtingar í heild sinni og þannig tákni anima mundi, eða heimssálarinnar, heldur einnig ódeilanleg, samhangandi og sameinuð vera og þar með tákni fyrir einingu og samfelldni Guðs. Í því eru engin aðgreind líffæri, heldur einfaldlega líkami með frjálsu kraftflæði, og sá kraftur er blanda eða sameining tveggja orkutegunda í mismunandi magni, það eru virk hreyfiorka og aðlaðandi eða segulmögnuð orka. Þessar tvær orkugerðir eru einnig einkennandi fyrir alheimssálinna – kraftur vilja og kraftur kærleika, eða atma og búddhi, og það er samspil þessa tveggja krafta og efnisins sem dregur hin nauðsynlegu efnisatóm til etherlíkama allra forma, og þegar því er áorkað fær viljaorkan þau til að starfa á vissan hátt.
4. Þessi samhangandi og sameinaði líkami ljóss og orku er tákni sálarinnar að því leyti, að í honum eru sjö orkumiðstöðvar þar sem þétting hinna tveggja samblönduðu orkutegunda er hvað mest, ef svo má að orði komast. Þeir samsvara hinum sjö orkumiðstöðvum í sólkerfinu þar sem Sólarlogosinn innstillir orku sína í gegnum

Plánetulogosana sjö. Þetta verður nánar útskýrt síðar. Það atriði sem hér þarf að veita eftirtekt er einfaldlega táknrænt eðli etherlíkamans, því að það er með skilningi á eðli orkutegundanna og einingareðli formsins og starfsins, að hægt er að öðlast einhverja hugmynd um starf sálarinnar, miðfrumtaksins í náttúrunni.

5. Hægt er einnig að útfæra samlíkinguna frekar þegar haft er í huga að etherlíkaminn tengir saman hinn efnislega eða þetta líkama og hinn fíngerða, eða geð- eða tilfinningalíkamann. Í því sést endurspeglun sálarinnar í manninum sem tengir heimana þrjá (sem samsvara hinum efnislegu, fljótandi og loftkenndu þáttum efnislíkama mannsins) við æðri svið sólkerfisins, og hún tengir því hið hugræna og hið búddíska, eða hugann og hin innsæislegu svið vitundarinnar.